



Reykjavík, 20. nóvember 2025
SFS25080281

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Staða ráðninga á skóla- og frístundasviði og biðlista í frístundaheimili, 19. nóvember 2025

Þann 19. nóvember 2025 var send fyrirspurn til stjórnenda leikskóla og frístundaheimila á skóla- og frístundasviði um stöðu í starfsmannamálum. Svör bárust frá öllum. Samkvæmt svörum þeirra er búið er að ráða í um 97,2% grunnstöðugilda í leikskólum og um 93,6% í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum. Eftir á að ráða í 48,3 grunnstöðugildi í leikskólum og 20,4 stöðugildi í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum.

	Austur- miðstöð	Norður- miðstöð	Suður- miðstöð	Vestur- miðstöð	Samtals
Leikskóli	16	15,5	4	12,8	48,3
Frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar	7,4	7,5	0,5	5	20,4
Fjöldi stm í fríst.starfi	15	15	1	10	41

Tafla 1. Staðan í ráðningum skipt eftir starfsemi og borgarhlutum 19. nóvember 2025

Í leikskóla á eftir að ráða í 48,3 stöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun sem er svipað og þann 8. október síðastliðinn þegar átti eftir að ráða í tæp 50 stöðugildi, en þann 20. nóvember 2024 átti eftir að ráða í 62 grunnstöðugildi. Að auki á eftir að ráða í samtals 14 stöðugildi í eldhús og afleysingar vegna undirbúningstíma og skammtímaveikinda. Samtals á því eftir að ráða í rúm 62 stöðugildi sem er svipað og þann 8. október en á sama tíma fyrir ári átti eftir að ráða í tæp 83 stöðugildi.

Spurningin sem leikskólastjórar svöruðu var hvað vantar mikið af stöðugildum í dag miðvikudaginn 19. nóvember, þannig að fullmannað sé miðað við að öll börnin hafi hafið vistun, þ.e þau börn sem eru í vistun í dag og þau sem búið er að bjóða vistun. Því byggja ofangefnar tölur á þeim degi en jafnframt gáfu leikskólastjórar upp að búið er að ganga frá ráðningu í 14 stöðugildi en það starfsfólk hefur ekki hafið störf enn. Auk þessara stöðugilda sem vantar á gefnum degi vænta leikskólastjórar þess að þeir þurfi að ráða í um 37,8 önnur stöðugildi í stað núverandi starfsfólks sem mun fara í leyfi eða hætta störfum á komandi vikum og mánuðum. Þetta er þó um 10 færri en á sama tíma í fyrra. Fullmannað er í 52% leikskólanna, rúman fimmtung leikskólanna vantar starfsfólk í 1 eða færri stöðugildi, um 17% vantar 1 til 2,5 stöðugildi, en 7 leikskólar eiga eftir að ráða í samtals 2,5 til 7 stöðugildi, mötuneyti og afleysing meðtalin.

Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar á eftir að ráða í 20,4 stöðugildi stöðugildi eða 41 einstakling samanborið við 40,5 stöðugildi þann 8. október síðastliðinn og 31,6



Reykjavík



stöðugildi 20. nóvember 2024. Þann 19. nóvember 2025 voru 83 börn á biðlista af 4.210 börnum. 4.127 börn hafa fengið samþykktu vistun, þar af eru 3.899 börn í fullri umbeðinni vistun en 228 í hlutavistun. Þetta er betri staða en fyrir ári þegar 194 börn voru enn á biðlista og heildarfjöldi barna sem var um 150 börnum færri en í ár.

Niðurstöðurnar eru nýttar til að greina stöðuna og beina stuðningi til þeirra starfstaða sem er í mönnunarvanda. Ákvarðanir um auglýsingaherferðir byggja jafnframt á þessum upplýsingum. Þá fá fagstjórar, stjórnendur og mannauðsráðgjafar í miðstöðvum góða yfirsýn yfir stöðuna og fjármálaráðgjafar og stjórnendur starfstaðanna stilla saman strengi hvaða heimildir eru til ráðninga.

Næsta fyrirhugaða formlega stöðutaka er 7. janúar.



Reykjavík



Fylgiskjöl

Tölfræði um stöðu ráðninga og áhrif á þjónustu.

Leikskólar

Miðstöð	Aðstoðarleik- skólastjóri	Grunnstöðu gildi á deild	Sérkennslu- stjóri	Úthlutuð sérkennsla (sérkennslustjóri ekki talinn með hér)	Samtals
▲					
Austurmiðstöð	0,00	8,00	0,00	8,00	16,00
Norðurmiðstöð	1,00	6,00	1,00	7,50	15,50
Suðurmiðstöð	0,00	0,00	0,00	4,00	4,00
Vesturmiðstöð	0,00	6,50	0,00	6,25	12,75
Samtals	1,00	20,50	1,00	25,75	48,25

Tafla 1a - Fjöldi grunnstöðugilda í leikskólum sem á eftir ráða í eftir borgarhlutum og tegund starfa

Miðstöð	Afleysing v. undirbúningstíma og skammtímaveikinda	Stöðugildi í eldhús (ef ekki er úthýst)
▲		
Austurmiðstöð	3,50	0,00
Norðurmiðstöð	2,50	1,00
Suðurmiðstöð	1,00	0,00
Vesturmiðstöð	6,00	0,00
Samtals	13,00	1,00

Tafla 1b - Fjöldi annarra stöðugilda í leikskólum sem ég eftir að ráða í eftir borgarhlutum og tegund starfa

Frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar

Tegund	Frístundaheimili		Sértæk félagsmiðstöð	
Miðstöð	Fjöldi stöðugilda sem á eftir að ráða í	Fjöldi starfsfólks (kt) sem á eftir að ráða	Fjöldi stöðugilda sem á eftir að ráða í	Fjöldi starfsfólks (kt) sem á eftir að ráða
▲				
Austurmiðstöð	7,4	15		
Norðurmiðstöð	5,5	11	2,0	4
Suðurmiðstöð	0,5	1		0
Vesturmiðstöð	5,0	10		
Samtals	18,4	37	2,0	4

Tafla 2 - Fjöldi stöðugilda og starfsmanna í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum sem á eftir að ráða í eftir borgarhlutum.



Reykjavík



Miðstöð	Fjöldi kt.	Samþykkt	Þar af fjöldi í hlutavistun	Biðlisti
Austurmiðstöð	1432	1359	144	73
Norðurmiðstöð	1233	1223	61	10
Suðurmiðstöð	648	648	0	0
Vesturmiðstöð	897	897	23	0
Samtals	4210	4127	228	83

Tafla 3 - Fjöldi barna, samþykktra barna og þar af fjöldi barna í hlutavistun og fjöldi barna sem er á biðlista með enga vistun.

